

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024 - 2025

Leikskólinn: Kópasteinn

Tengsl við námskrá: Frjálsi leikurinn er í hávegi hafður í Kópasteini ásamt því að leggja áherslu á sjálfbærni, sköpun, umhverfi og að eiga í góðum samskiptum. Þessir þættir ásamt öðrum þáttum sem hafðir eru til hliðsjónar í starfi skólans stuðla að vellíðan barna sem leiðir af sér aukinn vöxt og þroska einstaklinga. Starfsáætlun þessi er unni af metnaði í takt við námskrá skólans þar sem markmið og einkunnarorð skólans, gaman saman skína í gegn.

Endurmat – umbótaáætlun: Fram kemur í starfsáætlun að mat á starfi skólans hafi því miður verið lítið á síðast liðnu skólaári. HLJÓM-2 og TRAS var nýtt til að meta þroska barna og starfsmannakönnun fór fram á vormánuðum á vegum Prósent.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Mikil áskorun var á skólaárinu 2023 -2024 en þá var húsnæði skólans stækkað og fjöldi barna í skólanum jókst. Nú er skólinn í tveimur húsum með samliggjandi lóðum þar sem tvær deildir voru opnaðar með 30 börnum að Hábraut 3 sem nefnist Litli-Steinn. Um var að ræða mikið þróunartarf með áherslu á að ná að tengja þessi tvö húsnæði sem einn skóla en ekki tvo. Stjórnendur þótti takast vel til og þróun ganga vonum framár. Þar telja stjórnendur mest sé að þakka tveimur reyndum deildastjórum sem tóku að sér að opna þessar deildir.

Endur - og símenntunaráætlun: Símenntunaráætlun skólans tekur mið af þeim verkefnum sem unnið verður að þetta skólaárið ásamt því að starfsfólk er hvatt til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði hverju sinni til að þau getir þróað sig og eflt í starfi. Skipulagsdagar verða nýttir í fræðslu og umræður.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Í Kópasteini er vinna hafin til að geta sótt um viðurkenninguna að vera réttindaskóli UNICEF. Heimsmarkmiðin eru fléttuð inn í starf skólans ásamt ákvæðum Barnasáttmálans. Áhersla er lögð á í Kópasteini að nýta og kynnast sem best nærumhverfi skólans og eru vettvangsferðir meðal annars nýttar til þess. Í nokkuð mörg ár flaggaði leikskólinn Grænfána Landverndar og því hefur vinna í tengslum við umhverfismennt fest sig í sessi í starfi skólans sem fellur vel að heimsmarkmiðum.

Börn: Áhersla er lögð á í starfi skólans að barnið geti haft áhrif á daginn sinn. Það er meðal annars gert með því að hafa valkerfi fyrir börnin þar sem þau geta valið sér leikefni og svæði innan deildar. Leikefni skólans ýtir undir sjálfsprottin leik og jafnrétti. En markmið skólans þegar kemur að jafnréttismenntun er að skapa börnunum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýni og jafnréttis.

Starfsfólk: Fram kemur í starfsmannastefnu Kópasteins að starfsfólk beri sameiginlega ábyrgð fyrir því að viðhalda góðum starfsanda. Áhersla er lögð á að skólinn er eitt vinnusvæði og er það á ábyrgð alls starfsfólks að dagurinn gangi upp í skólanum.

Foreldrar: Í Kópasteini er lagt upp úr því að eiga í góðu samstarfi við forsjáraðila barnanna, með áhersla á að fjölskylda og skóli beri sameiginlega hagsmuni barna fyrir brjósti. Við skólann starfa bæði foreldraráð og foreldrafélag og stendur félagið meðal annars fyrir fræðsluerindum fyrir foreldra og er starfsfólki boðin þátttaka. Upplýsingaflæði er í föstum skorðum milli skóla og heimilis.

Annað: Við óskum öllum í Kópasteini til hamingju með 60 ára afmæli skólans sem var þann 4. desember. Haldið var upp á þennan merka áfanga á sumarhátíð leikskólans síðast liðið sumar. Áhugavert verður að halda áfram að fylgjast með starfinu í Kópasteini vaxa og dafna og ekki sísta að fylgjast með framvindu í innleiðingu vegna Réttindaskóla UNICEF.